



# Pési

Næsti Pési kemur út  
17.mars 2016. Efni þarf  
að berast í síðasta lagi  
**13.mars** 2016.



BÓKASAFN

## Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Munið skilalúgna! ☺

**Verið hjartanlega velkomin.**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



leitir.is



Gegnir

## Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,  
frá kl: 12:00-15:00

febr 2016  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

26. árgangur.  
301.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp með sínum hefðbundna þorra. Góðu fréttirnar eru reyndar þær að blessuð sólin er farin að lengja daginn þannig að um munar og það er ansi fallett að horfa í kringum sig þessa dagana. Árlegt þorrablót Kvenfélagsins var haldið um daginn og heppnaðist það í alla staði vel. Gott framtak hjá þeim kvenfélagskonum sem í leiðinni styrkja gott málefni. Það verður seint fullpakkað þessum fórnfúsa félagskap sem við höfum í okkar kvenfélagskonum sem hafa afar þýðingarmikið hlutverk í okkar samfélagi.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að taka upp hvatagreiðslur, stundum kallaðir tómskundastyrkir, frá og með síðustu áramótum. Hvatagreiðslurnar taka til barna sem eru á grunnskólaaldri og geta numið kr. 10.000 á barn á hverri önn eða samtals kr. 20.000 á ári á hvert barn. Ég hvet foreldra og forráðamenn að kynna sér þessa möguleika á heimasíðu sveitarfélagsins [fludir.is](http://fludir.is) þar sem reglurnar koma fram ásamt umsóknarblaði um greiðslurnar. Frestur til að sækja um hvatagreiðslur fyrir vorönn 2016 er til 1. maí nk. en einnig verður minnt á þetta í Pésanum þegar nær dregur. Vonandi verður þessi aðgerð til þess að hjálpa og jafna aðstöðumun foreldra til að láta börnin taka þátt í margbreytilegu tómskundastarfi.

Eitt eilífðarmál er alltaf á borði okkar og það eru sorpmálin. Nú hefur verið sendur út nýr sorpbæklingur til heimila og fyrirtækja, auk þess að vera aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins, þar sem vakin er athygli á flokkun sorps í sveitarfélaginu og ýmsum málum þeim tengd. Vil ég sérstaklega vekja athygli á því að það eru ýmsir hlutir sem mega ekki fara í klósettin eða fráveitukerfin okkar það getur valdið vandræðum og jafnvel skemmdum þegar er verið að verka seyru í nýja kalkaranum okkar. Í bæklingnum og á heimasíðu okkar er komið nýtt sorphirðudagatal fyrir sveitarfélagið þar sem fram á að koma losunardagar fyrir grátunnu, blátunnu og heyplast. Ég biðst velvirðingar á því að í janúarmánuði komu upp ákveðin vandamál með upplýsingar og losunardaga en nú á þetta allt að vera komið í rétt horf.

Þessu tengt þá hafa sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa skrifað formlega undir samstarfssamning við Landgræðsluna vegna nýtingar á seyru til landgræðslu.

Seyruverkefnið okkar er afar ánægjulegt verkefni sem vakið hefur verðskuldaða athygli og er það mitt mat að þetta verði fyrirmynd til framtíðar. Þá liggur einnig fyrir að hin sveitarfélögin vilja semja við Hrunamannahrepp um að við sjáum um seyrusvæðið og er það í vinnslu. Það þýðir hins vegar að við þurfum að bæta við okkur mannskap í áhaldahúsinu en það er jákvætt að svona verkefni geti skilið eftir sig virðisauka í samfélaginu, bæði atvinnulega og umhverfislega.

Annar samningur sem gengið hefur verið frá er endurnýjun á eldri samningi við Golfklúbb Flúða um stuðning við unglिंगastarf GF. Það verður að hrósa GF fólki fyrir mjög gott starf á liðnum árum en tilvist svona öflugs 18 holu golfvallar í sveitarfélaginu verður seint ofmetin. Hins vegar er meira en að segja það að reka svona klúbb svo vel sé og af miklum metnaði. Ég vil sérstaklega skora á sveitunga að nýta sér meira þá góðu hreyfingu og félagsskap sem iðkun á golfi felur í sér.

Annað skemmtilegt verkefni sem er á lokametrunum er vinna við upplýsingaöflun fyrir nýja íbúa í Hrunamannahreppi. Upplýsingarbæklingur er í lokavinnslu og hann ásamt gögnum frá leik- og grunnskóla verða síðan send í þýðingu, bæði á pólsku og ensku. Það er mjög mikilvægt að við öll tökum vel á móti öllum nýjum íbúum Hrunamannahrepps og sérstakan stuðning þurfa þeir einstaklingar sem hafa annað móðurmál en íslensku. Það var því gaman að sjá „pólska“ borðið á þorablótinu um daginn sem sýnir að þetta er allt hægt.

Það var gaman að taka þátt í degi leikskólans þann 5. febrúar sl. en eins og kunnugt er þá er sett upp listasýning leikskólabarna með meiru í verslun Samkaup Strax á Flúðum. Það er alltaf jafn gaman að sjá hvernig okkar yngstu íbúar sjá heiminn fyrir sér. Varðandi leikskólann sjálfan þá hafa verið hræringar í starfsmannamálum sem verið er að finna út úr. Þá hafa einnig margir nýir starfsmenn komið til starfa en sem betur fer er hluti þess fólks tilkomin vegna þess að börnunum er farið að fjölga aftur í leikskólanum. Það er einnig einkar ánægjulegt að í fyrsta skipti í langan tíma er kominn karlkyns starfsmaður í leikskólann og er það til eftirbreytni. Vil ég eindregið hvetja minn þjóðflokk að sækja um störf í leikskólanum í framtíðinni.

Hvað varðar skólamál má minnst á að fram fer svokallað ytra mat á Flúðaskóla á næstu vikum á vegum Menntamálastofnunar. Það er afar ánægjulegt að við höfum verið dregin út úr þessum matspotti en það er alltaf mjög gott að sjá hvað gests augun líta okkar stofnanir.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og enn betri góu.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



## Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 2016

Verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna mánudaginn 14. mars kl. 19,45.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Skýrsla stjórnar og reikningar og árgjald.
3. Kosningar.
4. Erindi: Ása Lovísa Aradóttir prófessor við LBHI flytur erindi: Landgræðsla, líffræðileg fjölbreytni og loftslagsbreytingar.
5. Önnur mál.

Allir eru velkomnir. Nýir félagar geta gengið í félagið á fundinum.

Stjórnin: Esther, Sigurður H., Jóhanna B., Samúel U., Eiríkur.

## Aðalfundur ÁSÆL 2016

Aðalfundur ÁSÆL verður haldinn þann 14. mars kl 21:00 í Félagsheimilinu

Flúðum.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Skýrsla stjórnar og reikningar.
3. Kosningar, kjósa þarf um ritara félags. Erla Jóhannsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem ritari.
4. Önnur mál og verkefni komandi sumars.

Veitingar í boði. Vonumst til að sjá sem flesta félagsmenn, gamla og nýja!

Stjórn ÁSÆL. Jón Bjarnason, Sveinn Hannes Sveinsson og Erla Jóhannsdóttir.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

## ATVINNA

Starfsmann vantar í 100% starf hjá  
Áhaldahúsi Hrunamannahrepps og Hitaveitu Flúða.  
Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á veitustarfsemi.  
Upplýsingar gefa Jón Valgeirsson: jon@fludir.is  
og Hannibal Kjartansson: hannibal@fludir.is,  
eða á skrifstofunni í síma 480 6600 á skrifstofutíma.  
Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2016.

Leikskólabörnin sungu í "búðinni" á  
leikskóladaginn.



Þessar 16 tommu velmeðfarnar álfelgur,  
gata deiling 5x100, eru til sölu á  
50.000kr. Passa m.a. undir Toyota  
Avensis árgerð 2008 og eldri. Á sama  
stað eru til þessi glæ-  
nýju heilsársdekk frá  
Sava, 205/55R16, fást á

60.000kr.

Áhugasamir geta haft samband við Kristján  
Geir í síma 8638543  
eða gegnum [stjanigu@simnet.is](mailto:stjanigu@simnet.is)



## Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna.

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum mánudaginn 22. febrúar klukkan 20:30.

- Venjuleg aðalfundastörf
- Kosið í stjórni
- Reikningar félagsins lagðir fram.
- Önnur mál

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr. Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

## VIOLA snyrtistofa

### Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting

– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plockkun.

Tímarpantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

**Upplit**

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

## REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum fyrir börn og unglinga.

Áherslur námskeiðsins miða við þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og verður námskeiðið keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar í samstarfi við hestamannafélagið Loga.

Kennari verður Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.

Dagsetningar:

Mánudagur 15. febrúar

Mánudagur 22. febrúar

Mánudagur 29. febrúar

Mánudagur 7. mars

Mánudagur 14. mars

Mánudagur 11. apríl



Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir 12. febrúar

Námskeiðsgjald 8.000,-

Mótadagar Uppsveitadeildar æskunnar eru:

Laugardagur 5. mars

Laugardagur 16. apríl

Laugardagur 7. maí


## Halló, halló.

*Við krakkar á leikskólanum Undralandi erum mikið í tónlist og einn þátturinn í tónlistinni er að dansa og það er svo gaman að hafa slæður með í dansinum, þær lífga svo uppá hreyfinguna finnst okkur, en við eigum ekki margar stórar slæður svo við erum að vona að einhverjir í Hrunamannahreppi geti séð af slæðum til að gefa okkur á leikskólanum til að leika með bæði í hlutverkaleikjum og tónlist, eins eru druslu-föt vel þegin, í hlutverkaleikinn. Þakklæti fáíð að launum.*



© Can Stock Photo - csp5616091





..Ljósm:KKD

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt



# PÖBBAKVÖLD Á GRUND

Laugardagskvöldið 20. febrúar verður  
pöbbakvöld á Kaffi Grund.

**Bjartur Logi, trúbador,**  
spilar og syngur.

**Pizzukynning**  
Rizzo pizzur, nýjar tegundir, frítt að smakka.

Kaldur í dós, 0,5 l á kr. 750,-.

**Söngur og gleði frá kl. 21:00**



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Opnunartími Versl. Strax.**

|                        |             |
|------------------------|-------------|
| Mánudaga til föstudaga | 09:30-18:00 |
| <b>Laugardaga</b>      | 10:00-18:00 |
| <b>Sunnudaga</b>       | 11:00-17:00 |

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

## Sumarvinna

**Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við almenn afgangslustörf.**

**Helst ekki yngri en 18 ára.**

**Æskilegt að umsækjandi sé reyklaus og reglusamur.**

**Upplýsingar [fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) og á [samkaup.is](http://samkaup.is)**

### **8 liða úrslit bikarkeppninnar í blaki karla.**



**Hrunamenn - HK**

í Íþróttahúsinu á Flúðum  
Þriðjudaginn 23. febrúar kl: 20:00.

Komið og sjáið Hrunamenn  
keppa við Íslandsmeistara HK.

Frá undirritun samstarfssamnings Landgræðslunnar og uppsveita  
Árnessýslu og Flóa, um nýtingu seyru til landgræðslu



S.S. fréttir.

Sameiginlegur deildafundur Sláturfélags Suðurlands, í Skeiða-Gnúpverja og Hrunamannahreppum, verður haldinn í félagsheimilinu Árnesi miðvikudaginn 24. febr. nk. kl. 20.30. Steinþór forstjóri fer yfir rekstur félagsins sl. ár. Fulltrúi búvörudeildar verður á staðnum. Þá mun Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra ræða stöðu mála í bændasamfélaginu, um þessar mundir. Kæru sveitungar, vænti þess að þið sjáið ykkur fært að mæta. Veislukaffi í boði S.S.

Að öðru. Næsta þjónustulátrun sauðfjár verður miðvikudaginn 16. mars nk. Því miður hafa verið talsverð brögð af því að félagið fái skítugt fé í þessar slátranir. Mjög erfitt er að meðhöndla slíkt án þess að afurðin mengist og spillist, og hefur Matvælastofnun gert athugasemdir. Af ofangreindum orsökum er félagið knúið til að setja kröfur um að framvegis verði allt fé sem kemur í þjónustulátrun rúið á kvið, klofi og bringu innan tveggja vikna fyrir slátrun. Ef óhreint fé kemur til slátrunar verður verðskerðing sem nemur 2.000 kr. á stykki. Gæðaeftirlit S.S. og dýralæknir frá Mast munu meta hvort féð telst skítugt. Flutningur og slátrunin sjálf, er mjög kostnaðarsöm. Af þeim sökum er ekki hægt að greiða meira en 90% af verði sl. hausts, fyrir þetta innlegg.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum.



# Smárafréttir

FEBRÚAR 2016



## Helgarnámskeið með Heklu Katharínu Kristinsdóttir

Hestamannafélagið Smári mun bjóða upp á helgarnámskeið dagana 19. og 20. mars í reiðhöllinni á Flúðum. Þar mun Hekla Katharína vera með einstaklingsbundið námskeið sem hentar öllum knöpum.

Fyrir hádegi á laugardeginum munu allir fá 20 mínútur í einkatíma þar sem hún fylgist með knapa og hesti, hvað kennarinn og knapinn vilja vinna með á námskeiðinu.

Í hádeginu verður boðið upp á léttan hádegisverð, svo verður klukkutíma bóklegur fyrirlestur um almenna þjálfun reið- og keppnishesta.

Eftir hádegi verða tveir saman í hóp í klukkutíma í senn.

Á sunnudeginum fá allir klukkutíma einkakennslu.

Verð 22.000 kr. fyrir helgina, aðeins eru 6 sæti laus á þetta námskeið.

Ekki láta þetta flotta námskeið fram hjá ykkur fara.

**Skráning fer fram á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is) og líkur skráningu 5. mars**

## Mótin 2016

|          |  |
|----------|--|
| 13 FEB   | 1 vetrarmót                                    |
| 19 FEB   | Uppsveitadeild fullorðinna                     |
| 6 MARS   | 2 vetrarmót                                    |
| 18 MARS  | Uppsveitadeild fullorðinna                     |
| 23 MARS  | Sameiginlegt töltmót Smára,<br>Loga og Trausta |
| 8 APRÍL  | Uppsveitadeild fullorðinna                     |
| 23 APRÍL | 3 vetrarmót                                    |
| 1 MAÍ    | Firmakeppni                                    |



**AÐALFUNDUR** Smára var haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum í janúar. Farið var yfir árið 2015 og komandi starfsár rætt. Ingvar Hjálmarsson bauð sig fram í áframhaldandi formannssetu og var því fagnað á fundinum. Bára Másdóttir bauð sig ekki fram til áframhaldandi setu. Í stjórn sitja nú Ingvar Hjálmarsson formaður, Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaform. Aðalheiður Einarsdóttir ritari, Svanhildur Hrönn Péturssdóttir gjaldkeri. Nýr inn í stjórn kemur Bjarni Músson og bjóðum við hann velkominn til starfa. Í Varastjórn sitja Lilja Össurardóttir, Einar Logi Sigurgeirsson og Bára Sævaldsdóttir. Nefndarskipan var kynnt og má sjá upplýsingar um nefndir Smára inn á [www.smari.is](http://www.smari.is) Ólafur Ásgeirsson hlaut Blæsbikarinn fyrir góðan árangur á árinu 2015. Hann sigraði m.a. fjórgang í meistaradeild vís, tólt á gæðingamóti Geysis, B flokk og tólt á gæðingamóti Smára svo fátt eitt sé nefnd. Til hamingju með frábæran árangur.

## **FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND**

### **REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA**

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum fyrir börn og unglunga. Áherslur námskeiðsins miða við þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og verður námskeiðið keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar í samstarfi við hestamannafélagið Loga. Kennari verður Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir. Öll börn og unglingar sem stjórnað geta hesti eru velkomin á námskeiðið óháð þáttöku í keppni.

### **Dagsetningar:**

|                       |                       |
|-----------------------|-----------------------|
| Mánudagur 15. febrúar | Mánudagur 22. febrúar |
| Mánudagur 29. febrúar | Mánudagur 7. mars     |
| Mánudagur 14. mars    | Mánudagur 11. apríl   |

Skráning á [smarakrakkar@gmail.com](mailto:smarakrakkar@gmail.com) fyrir 12. febrúar  
Námskeiðsgjald 8.000,- Leggist inn á reikning Smára  
431088-1509 325-26-39003

**SMÁRAPEYSAN** Æskulýðsnefndin stendur fyrir kaupum á smárapeysunni. Áhugasamir geta mætt í reiðhöllina 15. febrúar eftir kl 17.00 og mátað og lagt inn pöntun.

**UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR** verður haldin í samstarfi við Loga með sama sniði og undanfarin ár og hefst í Reiðhöllinni á Flúðum í mars. Mótadagar eru eftirfarandi:

- 5. mars** Barnaflokkur þrígangur  
Unglingaflokkur fjórgangur.  
Æfingatími 1. mars.
- 16. apríl** Barnaflokkur fjórgangur og tölt  
Unglingaflokkur fimmgangur og tölt.  
Æfingatími 12. apríl.
- 7. maí** Barnaflokkur smali  
Unglingaflokkur smali og flugskeið.  
Æfingatími 6. maí.

Skráning á fyrsta mót fer fram með sendingu tölvupósts á smarakrakkar@gmail.com til miðnættis 3. mars. Koma þarf fram kennitala knapa, fæðingarnúmer hests og hvaða tónlist er óskað eftir.

### **LANDSMÓT 27.6-3.7**

Í bígerð er að standa fyrir námskeiði fyrir knapa og gæðinga sem stefna að úrtöku fyrir landsmót. Meira um það síðar.

**REIÐSKÓLI** fyrir byrjendur verður starfræktur í reiðhöllinni með svipuðu sniði og í fyrra. Sex skipti og hefst 28. mars. Nánar auglýst síðar.

**HESTHEIMAFERÐ 27-29 MAÍ.** Nánar auglýst síðar.

### **FÉSBÓK ...**

Allir viðburðir æskulýðsnefndar verða auglýstir grímt á fésbókarsíðu Smarakrakka.  
Fylgist með þar.  
kveðja, Æskulýðsnefnd Smára





Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

### Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Opið á miðvikudögum.

Tímapantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

# Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2016

| janúar |     | febrúar |     | mars |     |
|--------|-----|---------|-----|------|-----|
| sun    | mán | þri     | míð | fim  | fos |
|        |     | 1       | 2   | 3    | 4   |
| 8      | 4   | 5       | 6   | 7    | 8   |
| 10     | 11  | 12      | 13  | 14   | 15  |
| 17     | 18  | 19      | 20  | 21   | 22  |
| 24     | 25  | 26      | 27  | 28   | 29  |
| 31     |     |         |     |      |     |

| febrúar |     | mars |     | apríl |     |
|---------|-----|------|-----|-------|-----|
| sun     | mán | þri  | míð | fim   | fos |
|         |     | 1    | 2   | 3     | 4   |
| 8       | 9   | 10   | 11  | 12    | 13  |
| 14      | 15  | 16   | 17  | 18    | 19  |
| 22      | 23  | 24   | 25  | 26    | 27  |
| 29      |     |      |     |       |     |

| maí |     | júní |     | júlí |     |
|-----|-----|------|-----|------|-----|
| sun | mán | þri  | míð | fim  | fos |
| 1   | 2   | 3    | 4   | 5    | 6   |
| 9   | 10  | 11   | 12  | 13   | 14  |
| 16  | 17  | 18   | 19  | 20   | 21  |
| 23  | 24  | 25   | 26  | 27   | 28  |
| 29  | 30  | 31   |     |      |     |

| ágúst |     | september |     | október |     |
|-------|-----|-----------|-----|---------|-----|
| sun   | mán | þri       | míð | fim     | fos |
| 1     | 2   | 3         | 4   | 5       | 6   |
| 7     | 8   | 9         | 10  | 11      | 12  |
| 14    | 15  | 16        | 17  | 18      | 19  |
| 22    | 23  | 24        | 25  | 26      | 27  |
| 29    | 30  |           |     |         |     |


| nóvember |     | desember |     |
|----------|-----|----------|-----|
| sun      | mán | þri      | míð |
| 1        | 2   | 3        | 4   |
| 6        | 7   | 8        | 9   |
| 13       | 14  | 15       | 16  |
| 20       | 21  | 22       | 23  |
| 27       | 28  | 29       | 30  |

## Litlykill:



Grá tunna neðri Hrunamannahreppur  
 Grá tunna Efri Hrunamannahreppur  
 Bláa tunnan  
 Heyrulluplast

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega taskifari. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli sveða eftir Litlu laxá.





## Kaffi-Sel - Pizzeria

**Kaffi-Sel, Efra-Seli verður opið í febrúar/mars;  
föstudaga og laugardaga frá kl. 17.00 til 20.30**

**Opið frá og með 12. febrúar n.k.**

Utan afgreiðslutíma er hægt að panta fyrir hópa, 10 manns eða fleiri í síni  
891-7811 / 661-5935 eða á netfangið: [pantanir@kaffisel.is](mailto:pantanir@kaffisel.is)

[www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) / Facebook - kaffisel / Sími 486-6454

Geymið auglýsinguna!



## RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAFJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
[RAFJENS@EYJAR.IS](mailto:RAFJENS@EYJAR.IS)

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
[ROBBIRAF@SIMNET.IS](mailto:ROBBIRAF@SIMNET.IS)

# Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



(samtarfi við)



Uppsveitadeildin 2016 hefst með pomp og prakt, föstudagskvöldið 19. febrúar í Reiðhöllinni á Flúðum. Dagskráin hefst með kynningu á liðum kl. 19:45 og keppnin í fjörgangi hefst stundvíslega kl. 20:00.

Aðsókn keppenda í Uppsveitadeildina hefur aldrei verið meiri en nú. Alls eru skráðir 42 knapar til leiks úr hestamannafélögnum í Uppsveitunum, Loga, Smára og Trausta. Átta lið munu bitast um það hvert þeirra stendur uppi sem sigurvegari í apríl þegar lokakeppni hefur farið fram.

Liðin verða þannig skipuð:

## Frá hestamannafélaginu Loga

Kristján Ketilsson, liðsstjóri  
Finnur Jóhannesson  
Jón Óskar Jóhannesson  
Emil Þorvaldur Sigurðsson

Guðrún Magnúsdóttir, liðsstjóri  
Líney Kristinsdóttir  
Gústaf Loftsson  
Karitas Ármann  
Linda Karlsson

Sólun Morthens, liðsstjóri  
Árný Oddbjörg Oddsdóttir  
Amar Bjarki Sigurðarson  
Þórey Helgadóttir

## Frá hestamannafélaginu Smára

Matthildur María  
Guðmundsd., liðsstjóri  
Hermann Þór Karlsson  
Sigurbjörg Bára  
Björnsdóttir  
Bjarni Birgisson  
Gunnlaugur Bjarnason  
Eiríkur Amarsson

Þórarinn Ragnarsson,  
liðsstjóri  
Hulda Finnsdóttir  
Rósa Birna Þorvaldsdóttir  
Lárus Sindri Lárusson  
Ingvar Hjálmarsson

Helgi Kjartansson,  
liðsstjóri  
Erna Óðinsdóttir  
Bragi Víðar Gunnarsson  
Maja Roldsgaard  
Jón William Bjarkason  
Þorsteinn G.  
Þorsteinnson

Guðmann Unnsteinsson,  
liðsstjóri  
Guðjón Örn Sigurðsson  
Guðjón Hrafn Sigurðarson  
Björgvin Víðar Jónsson  
Björgvin Ólafsson  
Laura Catherine Jungen  
Sørensen

## Frá hestamannafélaginu Trausta

Bjarni Bjarnason, liðsstjóri  
Ragnheiður Bjarnadóttir  
Guðjón Sigurliði Sigurðsson  
Hildur Kristín Halgrímsdóttir  
Halldór Þorbjörnsson  
Matthías Leó Matthíasson

Eins og áður sagði hefst Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta 2016, föstudagskvöldið 19. febrúar í Reiðhöllinni á Flúðum. Þá verður keppt í fjörgangi. Keppni í fimmgangi verður haldin



föstudagskvöldið 18. mars. Töltkeppnin og fljúgandi skeið verður svo haldið þann 8. apríl. Það er jafnframt síðasti keppnisdagur í mótaröðinni.

Sigurvegargar Uppsveitadeildarinnar í fjörgangi, fimmgangi og tölti öðlast keppnisrétt í nýrri keppni, Meistarar meistaranna, sem verður haldin í Spretthöllinni í Kópavogi þann 15. apríl. Þar verður sigurvegurum í keppnisröðum vetrarins um land allt, att saman í einni úrslitakeppni. Það verður spennandi að fylgjast með okkar fólki í þeim hópi.

Það er von okkar sem standa að Uppsveitadeildinni að fólk fjölmenni og hvetji lið sin til dáða. Fullt hús fólks og stemmning á pöllum hvetur keppendur til dáða.

Reiðhöllin hefur tekið í notkun vefsvæðið [reiðhollin.is](http://reiðhollin.is). Þar má finna úrslit Uppsveitadeilda fyrir ára ásamt besta árangri í hverri keppnisgrein fyrir sig.

Opið hús hjá Björgunarfélaginu Eyvindi á 112 daginn. Þann 11 febrúar er alþjóðadagur neyðarlinunnar 1-1-2. Af því tilefni ætlar björgunarfélagið Eyvindi að hafa opið hús hjá sér frá kl 18:00-21:00 Hægt verður að skoða búnað sveitarinnar og kynna sér starfsemina.

Þá verður m.a boðið upp á mælingu á blóðsykri, blóðþrýstingi. Einnig verður kynning á sjálfvirku hjartastuðtæki. Kl 18:30, 19:30 og 20:30 Hlökkum til að taka á móti ykkur.

Björgunarfélagið Eyvindi.



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) eða í síma 4-800-900.

## Giant D254SW

(oft nefndur litli risinn)

Smár en knár 25 hestafla

liðléttingur

Getur lyft eigin þyngd.

Til afgreiðslu strax.



**Tilboð  
á spónum  
Kr. 1.845,-**

*mVsk 20 kg. balli ef tekið er eitt Brett  
(15 ballar á bretti)*



## Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni.

Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

**Sterkur - Öflugur - Léttur**



Framúrskarandi  
fyrirtæki



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600



## Árshátíð Félags eldri Hrunamanna

verður haldin í Félagsheimilinu fimmtudaginn 18. febrúar. Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl. 19:30. Takið með ykkur gesti og við vonumst til að sjá sem allra flesta.

Á borðum verður þriggja rétta kvöldverður frá Hótel Flúðum. Jón Bjarnason frá Skeiðháholti verður veislustjóri. Skemmtiatriði.

Miðapantanir þurfa að berast fyrir mánudaginn 15. febrúar til

Önnu Bjarkar í síma 486 6639,  
Bjargar í síma 486 6639/ 864 6639  
eða Lofts í síma 486 6715/ 863 7915.

Miðaverð er 5.500 kr.

Með kærri kveðju,  
nefndin



### Vantar þig hóp af öflugum unglingum í átaksvinnu.

Nú í vor ætla unglingadeildin Vindur sem í eru krakkar úr Hrunmanna-, Skeiða- og Gnúpverjahreppi að leggja land undir fót og fara að heim-sækja björgunarsveitarkrakka í Noregi.

Því eru þau núna í fjáröflunum til að standa straum af kostnaði við ferðina.

Eitt af því sem þau ætla að gera til fjáröflunar er að taka að sér vinnu. Ef þú ert með verkefni/vinnu sem hópur af öflugum unglingum gæti unnið fyrir þig er um að gera að hafa samband við okkur.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Halldóru í síma 892-1276 eða í tölvu-pósti á netfangið [fossari@simnet.is](mailto:fossari@simnet.is)



**Selfossi 1.febrúar 2016.**

**Kæru viðskiptavinir.**

**Frá og með 1.febrúar 2016, hefur Eimskip/  
Flytjandi Selfossi, tekið við dreifingu og þjónustu  
við uppsveitir Árnessýslu. Um leið og við þökkum  
Flúðaleið fyrir áralanga þjónustu við svæðið,  
hlökkum við til að taka við henni og þjónusta  
svæðið áfram með góðri þjónustu.**

**Daglegar ferðir verða frá Selfossi og verða sem hér  
segir:**

**Mánudaga kl. 14**

**Þriðjudaga til fimmtudaga kl. 9**

**Föstudaga kl. 14.**

**Allar vörur eru keyrðar úr Reykjavík á Selfoss  
þrisvar á dag kl. 09.30, 12.30 og 15.30 og fara síðan  
áfram þaðan í uppsveitirnar.**

**Afgreiðsla á Selfossi er opin frá kl. 8-16 alla virka  
daga og er síminn þar 525-7951.**

**Svæðisstjóri Eimskips/Flytjanda á Suðurlandi er  
Helgi S. Haraldsson í síma 525-7952/825-2130.**

**Pantanir á flutningi eða fyrirspurnir eru veittar í  
síma 525-7951.**

**Helgi Sigurður Haraldsson svæðisstjóri.**

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna  
sýnir gamanleikinn



# Brúðkaup



eftir Guðmund Ólafsson.

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

## Sýnt í Félagsheimilinu Aratungu

3. sýning: Miðvikudaginn 10. febrúar

4. sýning: Fimmtudaginn 11. febrúar

5. sýning: Föstudaginn 12. febrúar

6. sýning: Fimmtudaginn 18. febrúar

7. sýning: Laugardaginn 20. febrúar

8. sýning: Sunnudaginn 21. febrúar

9. sýning: Miðvikudaginn 24. febrúar

10. sýning: Föstudaginn 26. febrúar

11. sýning: Laugardaginn 27. febrúar

**Allar sýningar hefjast kl: 20:00**

Upplýsingar í síma 896-7003

Á undan leiksýningum býður Café Mika Reykholti,

upp á sérstakan leikhúsmatseðil.

Upplýsingar og borðapantanir

í síma 486-1110





## Hjónaball Hrunamanna 2016



Verður haldið með pompi og prakt í Félagsheimili Hrunamanna laugardagskvöldið  
5.mars!

Húsið opnar kl. 19:30 en skemmtunin hefst stundvíslega kl. 20:30.

Bjarni Birgis kokkur sér um matinn:

### Forréttir

- Ferskt sjávarréttasalat
- Reyksoðinn silungur með piparrótarsósu
- Grafinn ærvöðvi með bláberjasósu
- Hnetusteik og sultaður rauðlaukur

### Aðalréttir

- Kryddhjúpað lambalæri
- Léttsteikt folaldafille
- Kjúklingabringur með sólþurrkuðum tómötum og pestó

Meðlæti er m.a. nýbakað brauð, salöt, sósur og kartöflur.

Kaffi og konfekt.



Hljómsveitin Karma heldur uppi fjörinu.

Miðaverð er **7900 kr.**

Pantanir þurfa að berast fyrir sunnudagskvöldið **28. febrúar.**

Við biðjum fólk, sem getur, um að sameinast um 8 og 10 manna borð og gefa upp nöfn borðfélaga þegar pantað er.

Priðjudaginn 1. mars þarf svo að greiða og sækja miðana í Félagsheimilið milli kl. 16 og 18 eða frá kl. 20 til 22.

### **Hlökkum til að sjá ykkur!**

Marta og Þór, Sirrý og Keli, Svava og Bogi, Arna og Steini, Guðbjörg og Jón Hulda og Dóri, Guðbjörg Run, Silke, Ólöf, Einar, Ævar.

Miðapantanir hjá

eftirtöldum **fyrir 28. feb:**

Marta - 8996412

Arna Þöll - 7721299

Hulda Hrönn - 8950096

Ólöf - 8603589

Sirrý - 8665981

Svava - 8473775

